

## **Aðalfundur Menningar- og friðarsamtakanna MFÍK haldinn í Friðarhúsinu, Njálsgötu 87, miðvikudaginn 14. febrúar 2007, kl. 19.**

### **Skýrsla formanns:**

Það er ánægjulegt að hefja þennan 55. aðalfund MFÍK á þeirri frétt að félögum heldur áfram að fjölga. Skráðar eru 157 konur í Menningar- og friðarsamtökin (voru 141 á síðasta aðalfundi). Ötti um að félagið væri hægfara að fjara út um aldamótin 2000 var ástæðulaus því rúmlega 60% fjölgun skráðra félaga hefur orðið frá ársfundi 2001 þegar félagatalan var komin niður í 97. Á fundum MFÍK að undanförunu hefur oft verið rætt um hvort hægt væri að kynna samtökin betur og hvernig best megi orða kjarnan í stefnu og starfi félagsins. Opinn stjórnarfundur s.l. haust var sammála um að kjarni MFÍK sé **FRÍÐUR**. Fundurinn taldi að skilaboðin sem við viljum gefa sé að **Betri heimur er mögulegur – og við ætlum að taka þátt í að skapa hann!**

16 nýir félagar bættust á skrá félagsins frá því á síðasta aðalfundi, það eru þær:

Eva Hauksdóttir

Gréta Kaldalóns

Guðríður Sigurbjörnsdóttir

Guðrún Ásta Þrastardóttir

Harpa Stefánsdóttir

Hulda Vilhjálmsdóttir

Huldís S. Haraldsdóttir

Íris Edda Nowenstein

Jóna Kristín Sigurðardóttir

Mireya Samper

Oddný Sturludóttir

Ragnheiður Jónsdóttir

Sigrún Helgadóttir

Steinunn Sveinbjörnsdóttir

Vilborg Dagbjartsdóttir

Þórdís Þórðardóttir

Eru þær allar boðnar velkomnar í hópinn.

Endurkoma Vilborgar Dagbjartsdóttur er sérstakt fagnaðarefni. Vilborg var virk í starfi MFÍK (varaformaður) en sagði sig úr félaginu vegna ágreinings innan stjórnar þegar Rússar réðust inn í Tékkóslóvakíu (1968). Vilborg hefur samt iðulega tekið þátt í fundum félagsins og lesið upp þegar til hennar hefur verið leitað en það er styrkur fyrir okkur að hún skuli hafa ákveðið að gerast aftur fullgildur félagi. Við þökkum henni einnig stuðningsyfirlýsingu hennar við stefnu MFÍK í tölu sem hún hélt 2.des. s.l.

**Heiðursfélagar.** Þrjár félagskonur voru gerðar að heiðursfélögum MFÍK. Þær **Ásgerður Jónsdóttir** og **Þórunn Magnúsdóttir** voru heiðraðar á aðalfundi MFÍK 2006. Var þeim þakkað margra ára starf í þágu MFÍK, ýmis stjórnarstörf og annað framlag til starfs MFÍK í gegnum tíðina. Þeim var einnig tilkynnt að áframhaldandi yrði treyst á virka þátttöku þeirra beggja. S.l. haust heimsótti stjórnin **Margræti Auðunsdóttur**, sem varð 100 ára í júní 2006. Elst virkra félaga borgar Margrét enn félagsgjöld og segist fylgjast með starfi MFÍK í gegnum fréttabréf.

Stjórnin sat drjúga stund að spjalli við Margréti og fór kjarkmeiri af hennar fundi. Öllum heiðursfélögum var afhent viðurkenningarskjál og innrömmuð mynd franska teiknarans Batellier af friðardúfu sem heldur aftur af krókódíl með ólífugrein.

Ása Ottesen (f.1918) félagi í MFÍK lést 21.ágúst s.l. Maddý fór við útförina og bar kveðju frá MFÍK. Baráttusöngur verkamanna var útgöngulag en eins og sagði í eftirmælum var Ása “frumkvöðull á mörgum sviðum, þær voru ekki margar konurnar á þessum tíma sem fóru í margra daga göngur um fjöll og firnindi – en það gerðu Ása og vinkonur hennar. Þær voru heldur ekki margar konurnar á þessum tíma sem fóru á heimsþing til fjarlægra landa fyrir Menningar- og friðarsamtök kvenna – það gerði Ása líka.”

### **Starfsemi:**

Ágæt starfsemi var hjá MFÍK á liðnu ári.

Haldnir voru 5 formlegir stjórnarfundir milli aðalfunda (2006: 23/2 (stjórnin skipti með sér verkum), 29/4, 10/6, 6/9,18/10, 2007: 8/1). Hist var í minni hópum til að undibúa ferðir til Lundar og Rómaborgar. Þá hefur aukist að verkefni séu afgreidd í tölvupósti og er þetta í fyrsta sinn sem enginn formlegur undirbúningsfundur var fyrir bókmennta-kynningu.

26.sept. var haldinn opinn stjórnarfundur í Hildibrandshúsi til að skipuleggja starf vetrarins. Þar mættu auk stjórnar Margrét Guðnadóttir, Sesselja Gunnarsdóttir, Svava Sveinbjörnsdóttir.

5 fundir voru haldnir til að undirbúa 8.marsfund 2006 (26/1, 2/2, 9/2, 23/2, 7/3) og 3 fundir hafa núþegar verið haldnir til að undirbúa 8.marsfund 2007 (23/1, 30/1, 5/2)

Haldnir voru 5 opnir félagsfundir (29/5 Kjarorkuvopnalaus heimur, 11/10 Palestína, 15/11 Vestur-Sahara, 16/12 bókmenntakynning 2006, 17/1 Rómarmundur og ráðstefna í Venesúela 2007), auk 8.marsfundar 2006, mótmæla vegna Íraks í mars, kertafleytingar á Tjörnninni í ágúst, bókmenntakynning 16.des. og friðargöngu á Þorláksmessu.

Fundað var í: Friðarhúsi, Njálsgötu 87, í nýja MÍR-salnum, Hverfisgötu 105, Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur og heima hjá stjórn.

### **Helstu viðburðir ársins:**

Árlegur fundur á **Alþjóðlegum baráttudegi kvenna fyrir friði og jafnrétti þann 8. mars** var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur undir yfirskriftinni “**Þróunaraðstoð – í þágu hverra?**”. Að venju átti MFÍK frumkvæði að fundinum. Töluðu Sigríður Víðis Jónsdóttir, blaðamaður, Þórdís Sigurðardóttir, skrifstofustj. Þóunarsamvinnustofnunar Íslands, Hulda Biering, kennari, Elín Jónsdóttir, sálfræðingur, Halla Gunnarsdóttir, blaðamaður, Irma Matchavariani, í stjórn Samtaka kvenna af erl. uppruna og María S. Gunnarsdóttir, form. MFÍK. Myndum Margrétar M. Norðdahl frá flóðasvæðum Sri Lanka var varpað upp á tjald. Ingibjörg Haraldsdóttir skáld las ljóð og kvennahljómsveitin AMINA spilaði í lok fundar. Fundarstjóri var Guðlaug Þóra Marinósdóttir, SFR. Alls tóku 15 aðilar, stéttarfélög og samtök þátt í fundinum. Fundurinn var mjög vel sóttur og tókst með afbrigðum vel.

**Laugardaginn 18.mars** þegar þrjú ár voru liðin frá innrás Bandaríkjanna í Írak, tók MFÍK þátt í **mótmælafundi á Ingólfstorgi**, ásamt Samtökum herstöðvaandstæðinga og fleirum. Áður hittust félagar í friðarsúpu í Hildibrandshúsi og fóru saman í Háskólabíó á dagskrá Þjóðarhreyfingarinnar.

### **Vatn fyrir alla. - Ályktun vegna eignarhalds á vatni.**

Þann 22. mars mættu María og Guðrún fyrir hönd MFÍK í ásamt nokkrum fleirum sem fulltrúar 15 félagasamtaka til að afhenda formanni stjórnarskrármefndar, Jóni Kristjánssyni, félagsmálaráðherra, tillögur um nauðsyn þess að lögfesta ákvæði um skyldur og réttindi stjórnvalda og almennings varðandi verndun vatns.

**1.maí** gengu MFÍK-félagar undir merkjum friðar til að vekja athygli á kröfunni um uppsögn herstöðvarsamningsins. Krafa var **Burt með herinn og öll hans ítök hér á landi.**

**27.maí** tóku MFÍK-félagar þátt í **göngu Íslandsvina** í Reykjavík.

**29.maí Kjarnorkuvopnalaus heimur** – opinn félagsfundur. Bergþóra Gísladóttir og Margrét Guðmundsdóttir sögðu frá fundi evrópskra aðildarfélaga Alþjóðasamtaka lýðræðissinnaðra kvenna í Lundi 20. – 21. maí 2006.

**Í júní** var umræða um hugsanlega komu Danielle Mitterand til Íslands í júlí 2006. MFÍK-félagar tóku þátt í þeirri umræðu en ekkert varð af komu D.M.

**Árleg kertafleyting var á Reykjavíkurtjörn 9.ágúst.**

**Vetrarstarfið hófst með opnum stjórnarfundum 26.sept.** í Hildibrandshúsi þar sem lagðar voru línur fyrir starf vetrarins.

**11.okt. Palestína** - opinn félagsfundur. Amal Tamimi talaði um ástandið á Gaza og Vesturbakkanum og sagði frá aðstæðum íbúa. Fundurinn hófst með kvöldmat til fjáröflunar fyrir Palestínu.

**15.nóv. Vestur-Sahara** – opinn félagsfundur. Arna Ösp Magnúsdóttir talaði um Vestur-Sahara.

**Árleg bókmenntakynning** var haldin í MÍR-sal, laugardaginn 16.des. kl. 14.

Vilborg Dagbjartsdóttir, Ingunn Snædal, Einar Már Guðmundsson, Guðrún Helgadóttir, Kristín Steinsdóttir, Kristín Ómarsdóttir og Hildur Finnsdóttir lásu úr nýjum bókum sínum.

Guðrún Sigfúsdóttir las úr úr *Í húsi Júlíu e. Friðu Á Sigurðardóttur og Rósa Þorsteinsdóttir kynnti Einu sinni átti ég gott : upptökur úr Árnastofnun.*

Myndir Guðrúnar Hannesdóttur við sögu Vilborgar héngu uppi í salnum.

Magga Stína söng Megas ásamt Kristni H. Árnasyni, gítaleikara.

Margrét Guðmundsdóttir var kynni á samkomunni. Anna Sigríður Hróðmarsdóttir hafði umsjón með hátíðarkaffi ásamt Sigrúnu Gunnlaugsdóttur. Auk þess voru seld jólakort, eldspýtnastokkar og fleiri vörur sem Helga Pálsdóttir og Maddý lögðu til en Lea María Lemarquis sá um söluborð. Bókmenntakynningin var vel sótt og tókst með miklum ágætum.

Að venju voru MFÍK-konur öflugar í kertasölu í **friðargöngu á Þorláksmessu** 23.des.en Helga Pálsdóttir var fulltrúi MFÍK í undirbúningi.

**17.jan.** opinn félagsfundur þar sem Guðrún Hannesdóttir og María S. Gunnarsdóttir sögðu frá fundi ALK í **Róm** í nóvember. Einnig var rætt um **væntanlega þátttöku MFÍK í fyrirhugaðri Alþjóðaráðstefnu ALK í Venesúela í apríl.**

Sú nýbreytni sem hófst í október að byrja félagsfundum með sameiginlegu borðhaldi hefur mælst vel fyrir og skapað ánægjuleg samskipti milli félaga. Tækifæri til að sækja sér félagslega næringu meðan notið er ljúffengra rétta sem matgæðingar MFÍK reiða fram.

**23.janúar var haldinn fyrsti undirbúningsfundur fyrir 8.marsfund 2007.** Undirbúningur er kominn vel á veg. Haldnir hafa verið 3 undirbúningsfundir og á þessari stundu er allt útlit fyrir glæsilegan baráttufund í Ráðhúsi Reykjavíkur þar sem fjallað verður um fátækt og ójöfnuð.

### **Útgáfa og umfjöllun um MFÍK:**

Að venju varð nokkur fjölmiðlaumfjöllun um félagið í kringum 8.mars í blöðum og útvarpi. Viðtal við formann í Mbl. og líka í sjónvarpsviðtali á Ísland í dag á Stöð 2. Hins vegar hefur gengið misvel að fá birt fundarboð og ályktanir félagsins.

Kristjana Bergsdóttir heldur áfram úti **heimasíðu fyrir MFÍK** <http://mfik.is>. Póstsendingar hafa þó ekki lagst af því ennþá vantar netföng á of marga félaga. Á heimasíðunni [fridur.is](http://fridur.is) birtast líka fréttir af starfi MFÍK.

**Fréttabréf** komu út í **maí og september 2006 og janúar 2007.** Í fréttabréfi september var birt dagskrá til áramóta og í janúarbréfi til vors. Janúarfréttabréfi fylgdi undirskriftalisti með kröfu um tafarlaust afnám kjarnorkuvopna í tilefni þess að 60 ár eru liðin frá fyrstu ályktun Sameinuðu þjóðanna þess efnis. Dagskrár 8.marsfundar og bókmenntakynningar 16.des. voru einnig sendar út.

Meðal **ályktana og yfirlýsinga** má nefna:

Sameiginleg yfirlýsing 8.marsfundar. - 8.marsdreifibréf MFÍK: **Mannréttindi – friður – jöfnuður**, afstaða MFÍK í ýmsum málaflokkum í örstuttu máli. – Vatn fyrir alla, yfirlýsing til formanns stjórnarskrárnefndar. - Yfirlýsing vegna yfirgangs og ofbeldis Ísraelskers í garð nágrannaþjóða og árás á Líbanon.– Yfirlýsing vegna ástandsins í Palestínu: Sumarregn – um dráp Ísraela á börnum í Palestínu. – Samantekt um klasasprengrar: Vopn drepa - líka eftir að stríði lýkur. – Yfirlýsing vegna tilraunasprenginga Norður-Kóreu stjórnar. - Dreifiriti um friðaruppeldi: **Kaup handa börnum fyrir jóla**, sem eru rök á móti stríðsleikföngum var dreift í nóv. og desember.

**Fjársöfnun.** Þetta hefur verið meira peningaár en oft áður og þó gjaldkeri geri grein fyrir fjármálum þarf að nefna tvennt: Annars vegar fjáröflunarkvöldverð til styrktar Palestínu í október 2006. Voru 40 þúsund krónur lagðar í sjóð Ísland-Palestínu til styrktar General Union of Palestinian Women. Hins vegar beiðni líbanskra kvenna um aðstoð til að koma börnum í Suður-Líbanon aftur í skóla og enduruppbyggingu heilsugæslu. MFÍK brást við beiðninni og hóf söfnun. Án árangurs var reynt að fá önnur félög til samstarfs en meðal félaga og velunnara MFÍK söfnuðust 100 þúsund krónur sem sendar voru til Líbanon í nóvember. Söfnun var haldið áfram og mun Magnea greina nánar frá stöðu mála.

**Undirskriftasöfnun: Krafist tafarlaus afnám allra kjarnavopna.**

Japanskar konur kynntu undirskriftasöfnunina í Róm í nóvember og á bókmenntakynningu í des. hófst þátttaka MFÍK. Félagar fengu einnig send eyðublöð með fréttabréfi í desember. Ætlunin er að safna undirskriftum á 8.marsfundi og verða þær afhentar á ráðstefnunni í Caracas í apríl. Þaðan verður þeim komið til ritara Sameinuðu þjóðanna.

### **Erl. samskipti:**

MFÍK hefur frá stofnun 1951 verið aðili að Alþjóðasamtökum lýðræðissinnaðra kvenna. Þetta alþjóðasamstarf hefur styrk MFÍK í gegnum tíðina og full ástæða til að halda því áfram. Á síðastliðnu ári höfum við unnið að því að efla samskipti milli aðildarfélaga í Evrópu en teljum að samskipti við önnur aðildarfélög komi í framhaldi. MFÍK var kjörið eitt sjö fulltrúa í stjórn Evrópudeildar ALK á Alþjóðaráðstefnu ALK í Beirút 2002 (ásamt Kýpur, Portúgal, Rússlandi, Tyrklandi, Grikklandi og Kúrdum).

Guðrún hefur átt í bréfasambandi við Aase Bang hjá SKV í Síþjóð og María við Sabine Salmon formann Femmes Solidaires í Frakklandi.

Í mars var sent bréf til að tjá samstöðu MFÍK í baráttunni gegn veru bandaríkjahers í Írak til Vinnie Burrows í New York. Vinnie er meðlimur félagasamtakanna Women for Racial and Economic Equality (NGO) og fulltrúi WIDF hjá Sameinuðu þjóðunum.

Í apríl var skilað skýrslu um starfsemi MFÍK til fundar ALK í Portúgal. Þetta voru svör við spurningalista þar sem aðildarfélög ALK voru beðin að skilgreina sig og afstöðu til ýmissra málaflokka. (Guðrún Hannesdóttir og María S. Gunnarsdóttir unnu.)

Þá skrifaði María bréf í nafni MFÍK til Líbanon eftir árásir Ísraels s.l. sumar og einnig í sambandi við fjáröflun til stuðnings uppbyggingarstarfi La League des Femmes Libanaises. Fengum við þakklát bréf frá Líbanon sem sýndu að samstaða MFÍK með þjáningum kynsystra okkar skiptir þær máli.

Bergþóra Gísladóttir og Margrét Guðmundsdóttir fóru til Lundar á fund í maí 2006 og dvöldu þar í góðu yfirlæti hjá sænskum konum. Aðalefni fundarins var kjarnorkuvá.

Í nóvember 2006 fóru Guðrún Hannesdóttir og María S. Gunnarsdóttir á fund í Róm. Á fundinum voru fulltrúar frá Ameríku: Brasilía, Kúba, Ekvador, Argentína og Venesúela. Asíu: Víetnam, Japan, Norður-Kórea. Evrópu: Kýpur, Portúgal, Ísland, Grikkland, Ítalía, Spánn, Bretland og fulltrúi GUE/NGL hópi Evrópuþingsins. Afríku: Angóla, Suður-Afríka. Arabalönd: Líbanon, Jórdanía, Palestína og Síryland. Talsverður tími fór í eftirminnilegar frásagnir frá Líbanon og Palestínu en síðan var unnið að undibúningi væntanlegrar Alþjóðaráðstefnu ALK í Venesúela í apríl. Þá funduðu evrópsk aðildarfélög sérstaklega. Á þeim fundi var ákveðið að semja Manifesto sem gæti nýst sem einhvers konar beinagrind til að skilgreina hópinn og orðið uppspretta að frekara samstarfi. “Vatn fyrir alla” verður framlag MFÍK. Portúgal – fóstureyðingar, Grikkland – aðstæður kvenna á vinnumarkaði, Ítalía – mansal, Bretland – börn og ungt fólk, Kýpur – friður. Sendum við Guðrún okkar framlag í lok janúar til Ute Navidi, ritstjóra (NAW í Bretlandi). Próförk verður send til allra þátttakenda til yfirlustrar í febrúar.

### **Stjórnarkjör:**

Frá síðasta aðalfundi, þ. 15. febrúar 2005 sátu í stjórn:

María S. Gunnarsdóttir, formaður

Guðrún Hannesdóttir, varaformaður

Bergþóra Gísladóttir, ritari

Magnea Björk Valdimarsdóttir, gjaldkeri

Margrét Guðmundsdóttir, Arna Ösp Magnúsardóttir og

Anna Sigríður Hróðmarsdóttir, meðstjórnendur,

Helga Pálsdóttir og Amal Tamimi, varamenn.

Samkvæmt lögum félagsins á að kjósa formann og varaformann sérstaklega og eru þær kosnar stíi hvort árið og sitja tvö ár í senn.

Í ár er það varaformaðurinn: Guðrún Hannesdóttir hefur gegnt því starfi s.l. 4 ár en hefur beðist lausnar. Við þökkum Guðrúnu vel unnin störf sem formaður og treystum því að félagið njóti áfram krafta hennar.

Ég þakka meðstjórnendum mínum öllum fyrir afar ánægjulegt samstarf á síðasta ári. Þær eru nokkrar stundirnar sem unnar voru í þágu félagsins eins og sést af þessari skýrslu.

### **Hvað er framundan?**

Verkefni eru næg. Félag okkar hefur áhrif og nýliðunin segir sitt. Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni að margvíslegt starf geti rúmast innan MFÍK. Það væri í fullu samræmi við gildandi lög að sjálfstæðir hópar störfuðu innan félagsins.

Á síðasta félagsfundi (jan. 2007) var ákveðið að vinna áfram með punkta sem settir voru á blað fyrir Rómarferðina í nóv. og vinna úr þeim einhvers konar Manifesto eða Stefnuskra fyrir MFÍK. Það er holt að staldra við, skilgreina hlutina og fara yfir hvað við viljum að MFÍK standi fyrir. Við byggjum á grunni sem aðrar konur lögðu en það er okkar að sjá til þess að MFÍK sé lifandi félag á leið til framtíðar.

Skráð í febrúar 2007

María S. Gunnarsdóttir.